

Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun - Askja
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Vestmannaeyjum 31. ágúst 2017
UST201707-159/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um fararleyfi til Surtseyjar – Framlenging og frágangur vegna SUSTAIN verkefnisins

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Magnús Tuma Guðmundssonar, Háskóla Íslands, dagsett 28. ágúst 2017 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar 1-10. september vegna borunar tveggja rannsóknarborhola í Surtsey og frágangs eftir borverkefnið.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Lýsing framkvæmdar:


Um er að ræða verkefni sem stofnuninn veitti leyfi fyrir þann 14. júlí síðastliðinn. Boraðar verða tvær rannsóknarborholur í eyjunni. Umhverfisstofnun veitti fararleyfi vegna framkvæmdarinnar þann 21. júlí sem gildi á tímabilinu 1 – 31. ágúst. Vegna tafa við borunina dregst borunin fram í september og er því óskað eftir framlengingu á fararleyfi fyrir þá sem koma að boruninni. Jafnframt er óskað eftir fararleyfi fyrir þá aðila sem koma að frágangi í eyjunni og þökkun búnaðar eftir að borun líkur. Gert er ráð fyrir að hámark 13 manns dvelji í eyjunni einu.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með með eftirfarandi skilyrðum:


- Leyfið gildir fyrir eftirtaldaeðila 1-4. september 2017
 - Magnús Tumi Guðmundsson, jarðfræðingur
 - Ágúst Guðmundsson, jarðfræðingur
 - Carolyn Gorny, jarðfræðingur
 - Simon Prause, jarðfræðingur
 - Róbert Aschew, jarðfræðingur
 - Einar Sindri Ólafsson, búðarstjóri og jarðfræðingur

- Unnur Flygenring, kokkur
- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila 4-10. september 2017
 - Tobias Weisenberger, jarðfræðingur
 - Viggó Þór Marteinsson, líffræðingur
 - Þorsteinn Jónsson, pökkun og flutningar
 - Ágúst Þór Gunnlaugsson, pökkun og flutningar
 - Ónefndur aðili 1, pökkun og flutningar
 - Ónefndur aðili 2, pökkun og flutningar
 - Ónefndur aðili 3, kokkur
- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila 1-10. september 2017
 - Steve Cole, bormaður
 - Justin Blouin, bormaður
 - Anthony Vecchiarelli, bormaður
 - Matthw Lyon, bormaður
 - Beau Marshall, umsjón bors
 - Sveinbjörn Steinþórsson búðarstjóri og pökkun
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður með í för og mun hafa eftirlit með frágangi svæðisins. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústs dóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur